

Vilen gegn Finnlandi

Dómur frá 17. febrúar 2009

Mál nr. 22635/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Stjórnsýslumál. Jafnræði málsaðila. Aðgangur að gögnum.

1. Málsatvik

Kærandi, Pauli Vilen, er finnskur ríkisborgari, fæddur 1953 og búsettur í Parola. Kærandi óskaði eftir sjúkratryggingabótum á grundvelli læknisvottorðs fyrir tæplega sjö mánaða tímabil árið 2002 vegna þess að hann væri óvinnufær. Beiðni hans var hins vegar synjað tvisvar af því stjórnvaldi sem fer með almannatryggingamál í Finnlandi, KELA. Var kærandi ekki talinn óvinnufær. Kærandi kærði til áfrýjunarnefndar sem staðfesti hinn 24. apríl 2003 ákvörðun lægra setts stjórnvalds. Í ákvörðun áfrýjunarnefndarinnar var hvergi vísað til þess læknisvottorðs sem kærandi lagði fram. Vísað var til þess að kærandi hefði haft tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við niðurstöðu lægra setts stjórnvalds. Hins vegar var þeirri niðurstöðu ekki ítarlega lýst né kom fram hvort kærandi nýtti sér þennan rétt sinn. Kærandi kærði til annarrar nefndar sem vísaði heldur ekki til læknisvottorðs kæranda né skýrslu um ástand kæranda frá endurhæfingarstöð þar sem hann dvaldi á tímabilinu 8. til 28. janúar 2003. Tekið var á ný fram að kærandi hefði haft rétt til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri en ekki var gerð grein fyrir niðurstöðu lægra setts stjórnvalds né hvort hann hefði nýtt sér rétt sinn. Hinn 1. mars 2004 fór kærandi fram á aðgang að gögnum máls síns hjá KELA. Þar var að finna læknaskýrslur frá ýmsum tímabilum; 10. apríl, 6. júní, 22. ágúst og 17. október 2002 og 18. júní 2003. Kærandi hafði ekki áður fengið að sjá þessar skýrslur. Samkvæmt upplýsingum frá finnskum yfirvöldum, sem dómstóllinn aflaði sér, fylgdu læknisskýrslurnar til áfrýjunarnefndanna.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hefði verið brotin þar sem hann fékk ekki aðgang að læknisskýrslum sem voru útbúnar í tengslum við mál hans áður en ákvörðun var tekin í máli hans.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Yfirvöld héldu því fram að læknisskýrslurnar hefðu verið útbúnar vegna þess að áfrýjunarnefndin hefði óskað eftir sjónarmiðum KELA og þær teldust vera vinnugögn í skilningi upplýsingalaga. Meginniðurstaða þeirra kæmi fram í skýringum KELA til áfrýjunarnefndarinnar sem kærandi hefði haft aðgang að. Dómstóllinn benti á að jafnræði málsaðila væri hluti af réttlátri málsmeðferð. Í því fælist að hver aðili dómsmáls yrði að hafa raunhæfan möguleika á að flytja mál sitt þannig að halli ekki um of á viðkomandi aðila gagnvart gagnaðila. Almenn myndu aðilar því þurfa að hafa upplýsingar um og aðgang að gögnum málsins sem og möguleikann til að koma athugasemdum sínum á framfæri til að geta haft áhrif á niðurstöðuna. Þetta ætti þó ekki við þegar athugasemdirnar væru hlutlausar eða þegar til staðar í málsgögnum. Það væri mat aðila máls hvort þeir gerðu athugasemdir eða ekki.

Dómstóllinn tók fram að það skipti ekki máli hvort upplýsingarnar kæmu fram í skýrslu KELA til áfrýjunarnefndarinnar, hvort þær hefðu áður talist til vinnugagna eða hefðu haft áhrif á niðurstöðu áfrýjunarnefndanna. Þær töldust til gagna málsins og því var það undir kæranda komið hvort hann vildi gera athugasemdir við þær. Það var því skylda áfrýjunarnefndarinnar að gefa kæranda færi á að gera athugasemdir við skýrslurnar áður en hún kvað upp úrskurð. Afleiðing þess að kærandi fékk ekki aðgang að umræddum læknisskýrslum var sú að hann gat ekki tekið með viðunandi hætti þátt í málsmeðferðinni. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 6. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Kæranda voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 2.000 evrur í miskabætur.